| 9 | Mikael Ísaksson | -73 | M | JR | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 0 | | | Seniorar |
| 9 | Gylfi Edduson | -73 | M | KA | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | | | Seniorar |
| 1 | Árni Lund | -81 | M | JR | 40 | 30 | 10 | 0 | 40 | 10 | | 30 | | Seniorar |
| 2 | Jakub Tomczyk | -81 | M | Selfoss | 30 | 20 | 10 | 0 | 30 | | 20 | 10 | | Seniorar |
| 3 | Gísli Egilson | -81 | M | ÍR | 20 | 20 | 0 | 0 | 20 | 0 | | 20 | | Seniorar |
| 3 | Anton Ponomarenko | -81 | M | JG | 20 | 20 | 0 | 0 | 20 | | | | 20 | Seniorar |
| 5 | Kjartan Hreiðarsson | -81 | M | JR | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | | 10 | | | Seniorar |
| 5 | Andres Palma | -81 | M | Ármann | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | | | 10 | | Seniorar |
| 5 | Craig Clapcott | -81 | M | Ármann | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | | | | 10 | Seniorar |
| 8 | Logi Haraldsson | -81 | M | JR | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | | | Seniorar |
| 1 | Breki Bernhardsson | -90 | M | Selfoss | 40 | 20 | 20 | 0 | 40 | | 20 | 20 | | Seniorar |
| 2 | Egill Blöndal | -90 | M | Selfoss | 30 | 30 | 0 | 0 | 30 | | | 30 | | Seniorar |
| 3 | Gísli Egilson | -90 | M | JG | 20 | 20 | 0 | 0 | 20 | | | | 20 | Seniorar |
| 4 | Leó Björnsson | -90 | M | Ármann | 15 | 10 | 5 | 0 | 15 | | 5 | | 10 | Seniorar |
| 5 | Kristján Vernharðsson | -90 | M | Ármann | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | | | 10 | | Seniorar |
| 5 | Máni Andersen | -90 | M | JR | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | 10 | | | | Seniorar |
| 5 | Gísli Egilson | -90 | M | JG | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | | 10 | | | Seniorar |
| 5 | Skarphéðinn Hjaltason | -90 | M | JR | 10 | 5 | 5 | 0 | 10 | 0 | 5 | | 5 | Seniorar |
| 9 | Jakub Tumowski | -90 | M | ÍR | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | | | Seniorar |
| 9 | Vignir Jóhannsson | -90 | M | Selfoss | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | | | 0 | Seniorar |
| 1 | Egill Blöndal | -100 | M | Selfoss | 40 | 20 | 20 | 0 | 40 | 20 | | | 20 | Seniorar |
| 2 | Þór Davíðsson | -100 | M | Selfoss | 30 | 30 | 0 | 0 | 30 | | | 30 | | Seniorar |
| 3 | Matthías Stefánsson | -100 | M | ÍR | 20 | 20 | 0 | 0 | 20 | | | 20 | | Seniorar |
| 4 | Arnbjörn Guðjónsson | -100 | M | Selfoss | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | | | | 10 | Seniorar |
| 1 | Karl Stefánsson | 100 | M | Ármann | 70 | 30 | 20 | 20 | 70 | 0 | 20 | 30 | 20 | Seniorar |
| 2 | Sigurður Hjaltason | 100 | M | Selfoss | 40 | 20 | 10 | 10 | 40 | | 10 | 20 | 10 | Seniorar |
| 1 | Ingunn Sigurðardóttir | -63 | K | JR | 30 | 30 | 0 | 0 | 30 | | | 30 | | Seniorar |
| 1 | Berenika Bernat | -70 | K | KA | 20 | 20 | 0 | 0 | 20 | | | 20 | | Seniorar |
| 2 | Íris Ragnarsdóttir | -70 | K | Selfoss | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | | | | 10 | Seniorar |
| 1 | Anna Soffía Víkingsdóttir | -78 | K | KA | 30 | 30 | 0 | 0 | 30 | | | 30 | | Seniorar |
| 2 | Heiðrún Pálsdóttir | -78 | K | Þróttur | 20 | 20 | 0 | 0 | 20 | | | 20 | | Seniorar |
| 3 | Hekla Pálsdóttir | -78 | K | KA | 10 | 10 | 0 | 0 | 10 | | | 10 | | Seniorar |
| 4 | Edda Tómasdóttir | -78 | K | KA | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | | 0 | | Seniorar |
| 1 | Sigurður Bjarnason | -60 | M | JR | 20 | 20 | 0 | 0 | 20 | 20 | | | | U21 |

Dags. 7. nóvember 2022

| Röðun | Nafn | Þyngdarflokkur | Kyn | Félag | Samtals 3 bestu | Besti í árangur | Næst besti | Þriðji besti | Allir punktar | RIG/AM 2022 | Vormót 2022 | Íslandsmót 2022 | Haustmót 2021 | Aldursflokkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | Daníel Árnason | -66 | M | JRB | **50** | 30 | 20 | 0 | **50** | 20 | | 30 | | U21 |
| 3 | Nökkvi Viðarsson | -66 | M | JR | **20** | 20 | 0 | 0 | **20** | | | 20 | | U21 |
| 3 | Helgi Hrafnsson | -66 | M | JR | **20** | 10 | 10 | 0 | **20** | 10 | | 10 | | U21 |
| 1 | Ingólfur Rögnvaldsson | -73 | M | JR | **50** | 30 | 20 | 0 | **50** | 20 | | 30 | | U21 |
| 2 | Gylfi Edduson | -73 | M | KA | **30** | 20 | 10 | 0 | **30** | 10 | | 20 | | U21 |
| 2 | Aðalsteinn Björnsson | -73 | M | JR | **30** | 20 | 10 | 0 | **30** | | 20 | | 10 | U21 |
| 4 | Kjartan Hreiðarsson | -73 | M | JR | **20** | 20 | 0 | 0 | **20** | | | | 20 | U21 |
| 4 | Páll Blöndal | -73 | M | JR | **20** | 10 | 5 | 5 | **20** | 5 | 5 | 10 | | U21 |
| 5 | Daron Hancock | -73 | M | JR | **10** | 10 | 0 | 0 | **10** | | 10 | | | U21 |
| 6 | Hannes Sigmundsson | -73 | M | KA | **5** | 5 | 0 | 0 | **5** | 5 | | | | U21 |
| 6 | Mikael Ísaksson | -73 | M | JR | **5** | 5 | 0 | 0 | **5** | | 5 | | | U21 |
| 7 | Birkir Bergsveinsson | -73 | M | KA | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | | | | 0 | U21 |
| 1 | Jakub Tomczyk | -81 | M | Selfoss | **50** | 30 | 20 | 0 | **50** | | 20 | 30 | | U21 |
| 2 | Kjartan Hreiðarsson | -81 | M | JR | **40** | 20 | 20 | 0 | **40** | 20 | | 20 | | U21 |
| 3 | Anton Ponomarenko | -81 | M | JG | **20** | 20 | 0 | 0 | **20** | | | | 20 | U21 |
| 4 | Daníel Árnason | -81 | M | JRB | **10** | 10 | 0 | 0 | **10** | | | | 10 | U21 |
| 4 | Gylfi Edduson | -81 | M | JR | **10** | 10 | 0 | 0 | **10** | | 10 | | | U21 |
| 6 | Mikael Ísaksson | -81 | M | JR | **5** | 5 | 0 | 0 | **5** | | | | 5 | U21 |
| 7 | Andri Ævarsson | -81 | M | JR | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | | | | | U21 |
| 7 | Kristinn Guðjónsson | -81 | M | Grindavík | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | | | | | U21 |
| 1 | Skarphéðinn Hjaltason | -90 | M | JR | **60** | 30 | 20 | 10 | **60** | 10 | | 30 | 20 | U21 |
| 2 | Jóhannes Pálsson | -90 | M | Þróttur | **20** | 20 | 0 | 0 | **20** | | | 20 | | U21 |
| 3 | Vignir Jóhannsson | -90 | M | Selfoss | **10** | 10 | 0 | 0 | **10** | | | | 10 | U21 |
| 4 | Ísar Guðjónsson | -90 | M | Grindavík | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | | 0 | | | U21 |
| 1 | Sabrína Haraldsdóttir | -63 | K | ÍR | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | | | | | U21 |
| 1 | Íris Ragnarsdóttir | -70 | K | Selfoss | **10** | 10 | 0 | 0 | **10** | | | | 10 | U21 |
| 1 | Tinna Ingvarsdóttir | -78 | K | Grindavík | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | | | | | U21 |
| 1 | Árni Ólafsson | -60 | M | Ármann | **50** | 30 | 20 | 0 | | | 20 | 30 | | U18 |
| 2 | Freyr Herbergsson | -60 | M | Tindastóll | **20** | 20 | 0 | 0 | **20** | 20 | | | | U18 |
| 3 | Henrik COSTA | -60 | M | Ármann | **10** | 10 | 0 | 0 | **10** | | 10 | | | U18 |
| 4 | Jónas Hólmsteinsson | -60 | M | JR | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | | | | | U18 |
| 1 | Nökkvi Viðarsson | -66 | M | JR | **50** | 20 | 20 | 10 | **50** | | 20 | 20 | 10 | U18 |
| 2 | Romans Psenicnijs | -66 | M | JR | **60** | 30 | 20 | 10 | **60** | | 10 | 30 | 20 | U18 |
| 3 | Freyr Herbergsson | -66 | M | Tindastóll | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | | | | 0 | U18 |
| 1 | Daron Hancock | -73 | M | JR | **30** | 20 | 10 | 0 | **30** | | 10 | 20 | | U18 |
| 2 | Vésteinn Bjarnason | -73 | M | Selfoss | **30** | 30 | 0 | 0 | **30** | | | 30 | | U18 |
| 3 | Birkir Bergsveinsson | -73 | M | KA | **25** | 10 | 10 | 5 | **25** | | 5 | 10 | 10 | U18 |
| 4 | Aðalsteinn Björnsson | -73 | M | JR | **40** | 20 | 20 | 0 | **40** | | 20 | | 20 | U18 |
| 5 | Mikael Ísaksson | -73 | M | JR | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | | | | U18 |
| 5 | Nökkvi Viðarsson | -73 | M | JR | **0** | 0 | 0 | 0 | **0** | 0 | | | | U18 |
| 1 | Mikael Ísaksson | -81 | M | JR | **20** | 20 | 0 | 0 | **20** | | | | 20 | U18 |
| 2 | Arnar Arnarsson | -81 | M | JR | **10** | 10 | 0 | 0 | **10** | | | | 10 | U18 |
| 1 | Anna Thueringer | -48 | K | JR | **20** | 20 | 0 | 0 | **20** | | 20 | | | U18 |
| 1 | Daniele Kucyte | -70 | K | JR | **20** | 20 | 0 | 0 | **20** | | 20 | | | U18 |

# Erlend mót og fjölmiðlaumfjöllun

## Dómaranámskeið JSÍ



*15.janúar 2022 (Birt á jsi.is)*
Þriðjudaginn 25. Janúar kynnti dómaranefnd JSÍ nýjustu útgáfu dómarareglna IJF og áherslur. Þó nokkrar breytingar hafa átt sér stað í ár á reglum og því afar mikilvægt að sem flestir keppendur kynni sér reglurnar sem og þjálfarar klúbba til þessa að koma þessum upplýsingum til sinna keppenda.

Námskeið fór fram JR.

Hægt var að taka þátt í námskeiðinu í gegnum fjarfundarforrit Teams.

## Landsliðsæfingabúðir í Elite Center, Malmö

*10.janúar 2022 (Birt á jsi.is)*
Hópur Íslenskra Judomanna lagði leið sína til Svíþjóð, þar sem þeir tóku þátt í æfingabúðum 1-5 janúar. Æfingabúðirnar fóru fram í Judo afreksmiðstöð (Elite Center) í Malmö sem nýlega hefur verið sett á laggirnar. Æfingabúðirnar eru hluti af undirbúningi landsliðsmannanna fyrir Reykjavik judo Open sem mun fara fram 29. Janúar, en von er á fjölmörgum sterkum erlendum keppendum. Þeir sem fóru í æfingabúðirnar eru þeir Árni Lund, Ingólfur Rögnvaldsson, Kjartan Hreiðarsson, Skarphéðinn Hjaltason, Andir Ævarsson, Matthías Stefánsson, Jakub Tomczyk og Hrafn Arnarsson. Einnig stóð til að Logi Haraldsson færi í ferðina, en varð hann frá að hverfa þar sem hann greindist með covid í vikunni áður og var því í einangrun.

## Dómara og þjálfara námskeið EJU

*26.mars 2022 (Birt á jsi.is)*
JSÍ dómararnir þeir Björn Sigurðarson og Sævar Sigursteinsson tóku þátt í EJU dómara og þjálfaranámskeiði sem haldið var í Lissabon í Portúgal dagana 26-27 mars. Þar var farið yfir allar helstu áherslur í dómgæslu og dómarareglunum nýjustu breytingum á reglum gerð góð skil. Námskeiðið var haldið eftir tveggja ára hlé vegna Covid – 19 faraldursins. Þátttakendur voru um 100 talsins og frá þjóðum innan EJU.





## Vinnustofa Roberts Erikssons

*22.mars 2022 (Birt á jsi.is)*



Robert Eriksson fyrrum landsliðsþjálfari Svía og nú yfirmaður landsliðsmála (Elite Director) hjá Sænska judosambandinu var á landinu um helgina 19-20 mars á vegum Judosambands Íslands. Megin tilgangur heimsóknar Erikssons var vinnustofa sem ætluð var stjórnarmönnum judofélaga og þjálfurum um skipulag og uppbyggingu landsliðs/afreksstarfs, uppbyggingu afreks judomanns og uppbyggingu judoæfinga og var sá fyrirlestur haldinn laugardaginn 19. mars. Á föstudeginum 18. mars sá hann um sameiginlega æfingu sem haldin var í JR og var hún mjög vel sótt en tæplega þrjátíu manns frá nokkrum klúbbum mættu. Þetta var hörku æfing þar sem meðal annars var farið í baráttuna um handtökin, hvað þarf að varast og fleira og fleira. Þetta var virkilega góð æfing og gefandi og voru menn afar ánægðir með hana. Flott framtak hjá JSÍ.

## OTC æfingabúðirnar í Nymburk

*10.mars 2022 (Birt á jsi.is)*

Íslenskir judomenn voru við æfingar í OTC æfingabúðunum í Nymburk og æfðu þar daganna 8-12 mars tvisvar á dag ásamt mörgum bestu judomönnum heims.  Þetta eru einar af öflugustu æfingabúðum ár hvert á vegum EJU. Pátttaka okkar manna er meðal annars undirbúningur þeirra fyrir Norðurlandsmeistaramótið sem haldið verður 23-4. apríl. í Íþróttahúsinu Digranes. Þeir sem fóru eru Árni Lund, Skarphéðinn Hjaltason, Kjartan Hreiðarsson, Daníel Árnason, Ingólfur Rögnvaldsson, Hrafn Arnarsson og Logi Haraldsson. Zaza Simonishvili fór með sem þjálfari.



## Norðurlandameistaramót 2022 úrslit

*25.apríl 2022 (Birt á jsi.is)*

Daganna 23. og 24. Apríl fór fram Norðurlandameistaramótið í Judo 2022. Mótið í ár var líklega eitt fjölmennasta judomót sem haldið hefur verið á Íslandi með rúmlega þrjú hundruð keppendum. Mótið var haldið síðast á Íslandi 2015, en fella þurfti niður keppni tvö ár í röð 2020 og 2021 vegna covid.

### Flokkur fullorðinna

Íslendingar unnu til sex verðlauna í flokki fullorðinna. Karl Stefánsson sigraði +100kg flokkinn með yfirburðum, en Karl sigraði alla þrjá andstæðinga á ippon. Zaza Simonishvili sigraði -73kg flokkinn örugglega en hann vann allar þrjár viðureignir sínar á ippon.

Árni Lund vann til silfurverðlauna í -81kg flokki. Árni varð að játa sig sigraðan gegn Aku Laakonen frá Finnlandi, en þeir höfðu einnig mæst í úrslitum 2019, en þá hafði Árni betur. Daníela Daníelsdóttir hlaut silfurverðlaun í +78kg flokki.




Breki Bernharðsson og Egill Blöndal unnu báðir til bronsverðlauna í -90kg flokki. Breki sigrað fyrstu tvær viðureignir sínar en laut svo í lægra haldi gegn David Ivanian í undan úrslitum. Ivanian sigraði flokkinn seinna um daginn en Breki glímdi gegn Skarphéðni Hjaltasyni um bronsið og sigraði Breki þá viðureign. Egill tapaði naumlega sinni fyrstu viðureign en sigraði svo næstu tvær og tryggði sér þar með bronsverðlaun.

### U21

Íslendingar unnu til fernra verðlauna í U21 aldursflokki. Matthías Stefánsson vann til silfurverðlauna í -100 kg flokki. Skarphéðin Hjaltason vann til bronsverðlauna í -90kg flokki og Kjartan Hreiðarsson og Aðalsteinn Björnsson unnu til bronsverðlaun í -73 kg flokki.

### U18

7 Íslendingar voru skráðir til leiks í U18. Aðalsteinn Björnsson náði lengst þeirra en hann vann til bronsverðlauna í -73kg flokki. Aðalsteinn sigraði 2 af 3 viðureignum sínum. Næst lengst náði Birkir Bergsveinsson en hann hafnaði 5. Sæti einnig í -73 kg flokki.

### Veterans

Í veterans flokkum þ.e. 30 ára og eldri unnust þrenn gullverðlaun. Bjarni Skúlason (JR) sigraði með algjörum yfirburðum M3-100 kg flokkinn, Jón Þór Þórarinsson (JR) sigraði í M1-90 kg flokki og Davið Kratsch (JR) í M1-73 kg flokki. Silfurverðlaun hlutu þau Máni Andersen (JR) M4-90 kg, Janusz Komendera (JR) M3-66 kg, Piotr Latkowski (UMFG) M4-73 kg og Edda Tómasdóttir (KA) F3-78 kg og bronsverðlaun hlutu þeir Ari Sigfússon (JR) M4-90 kg og Garðar Sigurðsson (JR) í M6-81 kg flokki.

### Liðakeppni

Íslenska liðið var skipað af:

- -57 kg Weronika Kommandera
- -73 kg Kjartan Hreiðarsson/Zaza Simonishvili
- -63 kg Helena Bjarnadóttir
- -90 kg Egill Blöndal/Breki Bernhardsson
- +70 Daníela Daníelsdóttir/ Edda Tómasdóttir

Íslenska sveitin sigraði liðakeppnina sannfærandi.  Ísland sigraði Færeyjar 6-0 og lið Álandseyja 4-2

## Copenhagen Open Úrslit

*18.apríl 2022 (Birt á jsi.is)*

Það voru átján keppendur frá Íslandi sem tóku þátt í Copenhagen Open 2022 um helgina og voru þeir frá JR, JRB, KA og Selfossi. Á föstudaginn 15. apríl var keppt í aldursflokki U18 og í 16. apríl var keppt í aldursflokkum U15 og 18 ára og eldri. Þetta var fjölmennt og sterkt mót, keppendur um 750 sem komu víða að. Okkar keppendur stóðu sig misvel eins og gengur og allflestir unnu eina eða fleiri viðureignir en það voru þau Helena Bjarnadóttir úr JR og Daníel Árnason úr JRB sem komust lengst. Helena keppti til úrslita í U15 ára aldursflokki +57 kg þar sem keppendur voru ellefu. Hún vann þar þrjár viðureignir með yfirburðum en tapaði þeirri fjórðu í úrslitum og fékk silfurverðlaunin.

Daníel keppti í karlaflokki -60 kg en þar voru keppendur sextán. Hann vann fyrstu tvær viðureignirnar en tapaði í undanúrslitum og keppti því um bronsverðlaunin síðar um daginn og sigraði og tók bronsverðlaunin. Þau Weronika Komandera sem keppti í U15-52 kg og Ingólfur Rögnvaldsson sem keppti í karlaflokki -66 kg komust næstlengst en þau höfnuðu í sjöunda sæti. Ingólfur gerði sér lítið fyrir og vann þar fjórar af sex viðureignum en þar sem flokkurinn var það fjölmennur (40 manns) dugði þessi glæsilegi árangur hans ekki til að landa verðlaunum. Til hamingju öll með árangurinn.



## Íslandsmót karla og kvenna – úrslit

*9.maí 2022 (Birt á jsi.is)*

Zaza Siminosvhili og Egill Blöndal glímdu til úrslita í opnum flokki karla. Báðir höfðu unnið sitthvorn flokkinn fyrr um daginn, Zaza 73 kg og Egill -90 kg. Glíman var jöfn eftir venjulega leiktíma og fór því glíman í gullskor. Þegar um það bil tvær mínútur af framlengingu voru liðnar náði Zaza fallegu ippon kasti og tryggði sér þar með sigur eftir hörku viðureign.

### Opinn Flokkur Kvenna

Anna Soffía og Heiðrún glímdu til úrslita í opnum flokki kvenna. Þær höfðu einnig glímt til úrslita í -78 kg. Anna Soffía kom ákveðin til leiks og sigraði á ippon þegar um tvær mínútur voru liðnar af venjulegum leiktíma og tryggði sér þar með Íslandsmeistaratitilinn í opnum flokki. Anna Soffía sigraði því bæði í -78 og opnum flokki kvenna og voru þetta 18. Og 19. Íslandsmeistaratitlar Önnu Soffíu.




### -70 kg flokkur kvenna

Ingunn Rut Sigurðardóttir og Berenika Bernat glímdu til úrslita í -70 kg flokki kvenna. Ingunn sigraði nokkuð örugglega en þetta var sjötti Íslandsmeistaratitill Ingunnar í kvenna flokki.

### -78 kg flokkur kvenna

Anna Soffía Víkingsdóttir sigraði -78 kg flokk kvenna, í öðru sæti var Heiðrún Pálsdóttir.

### +100 kg flokkur

Karl Stefánsson og Sigurður Hjaltason glímdu til úrslita í +100 kg flokki. Karl sigraði örugglega, en þess má geta að hann er einnig nýkrýndur (23. Apríl) Norðurlandameistari +100 kg flokki.

### -66 kg karla

Ingólfur Rögnvaldsson og Daníel Árnason glímdu til úrslita í -66 kg flokki karla. Glíman var mjög jöfn framan af en um miðja viðureign náði Ingólfur armlás og tryggði sér þar með Íslandsmeistaratitilinn.

### -73 kg
Zaza Simionisvhili og Kjartan Hreiðarsson glímdu til úrslita í -73 kg flokki karla. Zaza sigraði eftir snarpa viðureign.



### -81kg flokkur karla
Árni Lund og Gísli Egilsson mættust í úrslitum -81kg flokksins. Árni Sigraði á Ippon eftir snarpa viðureign.

### -90 kg karla
Egill Blöndal og Breki Bernhardsson glímdu til úrslita í -90 kg flokki karla. Egill sigraði um miðja glímu þegar hann hafði skorðaði wazari tvívegis og tryggði sér þar með Íslandsmeistaratitil í -90 kg flokki.

### -100 kg flokkur karla
Þór Davíðsson og Matthías Stefánsson glímdu til úrslita í -100 kg karla. Þór Davíðsson Sigraði.

### +100 kg flokkur
Karl Stefánsson og Sigurður Hjaltason glímdu til úrslita í +100 kg flokki. Karl sigraði örugglega, en þess má geta að hann er einnig nýkrýndur (23. Apríl) Norðurlandameistari +100 kg flokki.

## Judofólk ársins 2021
*18.apríl 2022 (Birt á jsi.is)*
8. Apríl afhenti ÍSÍ verðlaun til íþróttafólks ársins 2021. Venjulega eru þessi verðlaun afhent um áramót enn covid setti strik í reikninginn.

- Judomaður ársins 2021: Árni Pétur Lund
- Judokona ársins 2021: Ingunn Rut Sigurðardóttir

## Páskamót JR og Góu 2022
*2.maí 2022 (Birt á jsi.is)*
Páskamót JR og Góu 2022 var haldið í þrennu lagi að þessu sinni. Fyrsti hlutinn var haldinn fimmtudaginn 28. apríl og þá kepptu börn 7-10 ára, föstudaginn 29. apríl keppti aldursflokkurinn 11-14 ára og laugardaginn 30. apríl var páskamót barna 5-6 ára.

Páskamótið er venjulega haldið fyrstu helgi eftir páska en þar sem að Norðurlandamótið sem haldið var hér á landi að þessu sinni var sett á sömu helgi var páskamótinu frestað um viku. Mótið fór nú fram í sautjánda sinn og var öllum judoklúbbum opið eins og venjulega en það var fyrst haldið árið 2005 en féll niður 2020 vegna Covid-19. Þátttakendur í ár voru sjötíu og fjórir frá eftirfarandi fimm judoklúbbum, Judodeild Ármanns, Judodeild Grindavíkur, Judodeild Selfoss, Judodeild ÍR og Judofélag Reykjavíkur. Með keppendunum komu að sjálfsögðu þjálfarar og aðstoðarmenn og auk þeirra fjöldinn allur af aðstandendum og var stemmingin góð á staðnum.

Þetta var skemmtilegt mót, fullt af flottum viðureignum og börnin vel undirbúin og kunnu meira og minna allra reglur og framkomu. Dómarar mótsins voru ungir upprennandi judomenn (14-18 ára) og stóðu þau sig virkilega vel en það voru þau Andri Ævarsson, Skarphéðinn Hjaltason, Aðalsteinn Björnsson, Helena Bjarnadóttir, Jónas Guðmundsson og Weronika Komendera sem dæmdu. Mótstjórnin í höndum Jóhanns Mássonar og Mikael Ísakssonar.

## Zaza Simonishvili nýr landsliðsþjálfari JSÍ

*15.júní 2022 (Birt á jsi.is)*

Zaza Simonisvhili hefur nú verið ráðin sem landsliðsþjálfari Judosambands Íslands. Zaza kemur til með að annast þjálfun cadet, Junior og senior landsliða karla og kvenna.



## Jakub og Skarphéðinn keppa á EYOF

*25.júlí 2022 (Birt á jsi.is)*

Jakub Tomczyk (Umfs) og Skarphéðinn Hjaltason (JR) er nú um þessar mundir staddir í Banska Bistrica, Slóvakíu ásamt landsliðsþjálfara Zaza Simonishvili en taka þeir þátt í Ólympíuhátíð æskunnar (EYOF). Á EYOF kemur saman ungt fólk frá öllum löndum Evrópu og keppa í hefðbundnum íþróttagreinum við bestu mögulegu aðstæður. Þátttaka á EYOF er góður vettvangur til að öðlast alþjóðlega keppnisreynslu og miða sína getu við bestu jafnaldra Evrópu.

Hátíðin sem venjulega fer fram annað hvert ár átti upphaflega að fara fram 2021 en var frestað vegan kórónuveirufaraldursins. Á leikunum eru um það bil 3000 þátttakendur frá 48 löndum Evrópu og keppa í 10 íþróttagreinum. Ísland verður með keppendur í 8 íþrótta greinum að þessu sinni, þ.e. í handknattleik karla, júdó, hjólreiðum, frjálsíþróttum, badminton, fimleikum, tennis og sundi. Auk keppenda sendir ÍSÍ fagteymi til hátíðarinnar og fararstjóra og er hópurinn því ansi fjölmennur eða 63 manns.

## Alþjóðlegar æfingabúðir í Danmörku

*15.júlí 2022 (Birt á jsi.is)*

Í nótt lögðu fimm íslenskir Judomenn leið sína til Danmerkur þar sem þeir munu taka þátt í alþjóðlegum æfingabúðum í Amager, Danmörku. Æfingabúðirnar eru ætlaðar drengjum og stúlkum fæddum á tímabilinu 2007-2004. Æfingabúðirnar eru liður í undirbúningi fyrir EYOF (European youth Olympic festival) sem fram fer í lok júlí í Slóvakíu. Í æfingabúðunum taka þátt (sjá mynd frá vinstri): Þjálfari, Zaza Simionishvili, Skarphéðinn Hjaltason, Nökkvi Viðarsson, Mikael Ísaksson, Daron Hancock, Aðalsteinn Björnsson.



## Úrslit EYOF 2022

*5.ágúst 2022 (Birt á jsi.is)*

Judokeppnin á EYOF leikunum 2022 hófst 26 júlí og lauk 30 júlí með blandaðri liðakeppni þar sem Azerbaijan stóð upp sem sigurvegari. Þeir Skarphéðinn Hjaltason, JR og Jakub Tomczyk, UMFS kepptu 28. júlí. Drógust þeir báðir á gegn mjög sterkum andstæðingum í fyrstu umferð. Jakub mætti Stanislav Korchemliuk frá Úkraníu í -81 kg flokki og tapaði Jakub þeirri viðureign en Stanislav stóð uppi sem sigurvegari í lok dags og það var eins hjá Skarphéðni en hann tapaði gegn Miljan Radulj frá Serbíu í fyrstu umferð og sigraði Miljan -90 kg flokkinn síðar þann dag. Bæði Skarphéðinn og Jakub fengu uppreisnarglímu, Skarphéðinn mætti keppanda frá Úkraínu og Jakub keppanda frá

Tyrklandi en því miður töpuðust þær einnig og þar með var þátttöku okkar manna á mótinu lokið. EYOF er eitt sterkasta ungmenna mót í heimi og ekki sjálfgefið að vinna viðureign á því. Þetta vissu þeir félagar, en lögðu sig alla fram engu að síður en það dugði ekki til að þessu sinni. Margir fyrrum sigurvegarar á EYOF unnið verðlaun á stórmótum eins og t.d. Ólympíuleikum ekki svo löngu seinna og verður því áhugavert að fylgjast með sigurvegurum frá EYOF 2022 á komandi árum. Zaza Simonishvili landsliðsþjálfari var strákunum okkar til aðstoðar í þessari ferð.



## Heimsókn Hayward Nishioka

*5.ágúst 2022 (Birt á jsi.is)*

Hayward Nishioka 9. dan sem er mjög virtur judomaður frá Los Angeles kom í óvænta heimsókn í JR í gær. Hayward sem er fyrrum heimsklassa keppandi, var tvisvar sinnum í fimmta sæti á heimsmeistaramóti, gullverðlaunahafi á Pan-Ameríkuleikum og margfaldur Bandarískur meistari. Hann var einnig alþjóðlegur dómari og dæmdi ekki bara í Ameríku heldur einnig í Asíu og Evrópu og hann hefur verið aðalþjálfari Bandaríkjanna á nokkrum viðburðum.



Hayward er einnig með svart belti Karate og Kendo. Hayward sem er áttræður hefur komið víða við á löngum ferli. Hann hefur kennt judo yfir 40 ár, skrifað fjölda bóka um judo, æft með þeim bestu á sínum tíma eins og Ólympíumeistaranum Anton Geesink, leikið í hasarmyndum þar sem judo/karate kom við sögu og var persónulegur vinur Bruce Lee og æfði oft með honum og hefur verið tekinn inn í US Judo Hall of Fame. Það var ákaflega ánægjulegt að hitta Hayward og fá tækifæri á því að spjalla við hann um liðna tíð. Takk fyrir komuna Hayward.

## Þormóður útskrifaður úr þjálfaranámi IJF

*3.september 2022 (Birt á jsi.is)*

Þriðja september útskrifaðist Þormóður Jónsson úr þjálfaranámi (Undergraduate certificate as Judo Instructor) IJF. Námið er sex mánaða langt, sem endar á vikulangri verklegri vinnustofu og prófum. Verklegi hluti námsins fór að þessu sinni fram í Madrid.

Námið er á háskólastigi og telur 30 ECTS einingar og er á fimmta stigi (EQF). Þormóður er annar Íslendinga til þess að útskrifast úr þessu námi, en fyrstur Íslendinga var Vilhelm Svansson.

## Æfingabúðir JSÍ 9-11 september

*12.september 2022 (Birt á jsi.is)*

Æfingbúðir JSÍ fóru fram dagana 9.-11. september og voru þátttakendur um það bil 30 frá fimm félögum. Æfingabúðirnar voru ætlaðar judoiðkendum í aldursflokkum U18, U21 og seniora sem stefna á keppni í íþróttinni en einnig var judofólk sem stundar íþróttina sér til gamans velkomið. Dagskrá æfingabúðanna samanstóð af randori æfingum (glímuæfingum) og sértækum tækni- og þrekæfingum fyrir judo. Einnig að þessu sinni var boðið upp á námskeið í hámarksnýtingu orku, súrefnis og endurheimt, sem hluti af æfingabúðunum.

## Úrslit EM Juniora 2022

*19.september 2022 (Birt á jsi.is)*

Daganna 15. Til 18. september fór fram EM Juniora 2022 í Prag, Tékklandi. Ísland átti tvo fulltrúa að þessu sinni, þá Ingólf Rögnvaldsson og Kjartan Hreiðarsson.

Ingólfur keppti -66kg flokki og dróst gegn Bertil Lavrsen (Den) í fyrstu umferð. Ingólfur lenti wazari undir þegar um það bil ein og hálf mínúta var liðin af glímutíma. Var mjög erfitt að sjá um hvort um skor hafi verið um að ræða. Skömmu seinna skoraði  Lavrsen wazaari á ný og hafði þá þar með hlotið sigur og var Ingólfur þar með úr leik.

Kjartan keppti -73kg flokki, en hann sat hjá í fyrstu umferð. Í annarri umferð mætti hann Vusal Galandarzde (AZE). Kjartan byrjaði glímuna ágætlega og náði sýnum gripum. Samt sem áður náði Galandarzde að vera fyrri til og skoraði ippon með leiftursnöggu tani otoshi og var þar Kjartan þar með úr leik. Vusal Galandarzde hélt sigurgöngu sinni áfram og endaði uppi sem sigurvegari -73kg flokksins seinna um daginn.

## Landsliðs æfingabúðir í Malmö 2022

*27.september 2022 (Birt á jsi.is)*

Daganna 26-29 september var hópur íslenskra landsliðsmanna í judo við æfingar í Malmö, Svíþjóð. Það voru þeir Egill Blöndal, Kjartan Hreiðarsson, Ingólfur Rögnvaldsson og Skarphéðinn  Hjaltason ásamt landsliðsþjálfara Zaza Simonishvili.



Æfingabúðirnar báru yfirskriftina Nordic Training camp Malmö og voru þær skipulagðar af sænska judosambandinu og fóru æfingar fram í afreksmiðstöðinni í Baltiska Hallen.

Æfingabúðirnar voru liður í landsliðsundirbúningi en næsta landsliðsverkefni sem er fram undan er Evrópumeistaramót smáþjóð sem fram fer 5-6 nóvember.

## Þrjú gull og eitt silfur á Evrópumeistaramóti Smáþjóða í Luxembourg.

*5.nóvember 2022 (Birt á jsi.is)*

Evrópumeistaramót Smáþjóða (GSSE) í Judo fór fram 5. Nóvember í Luxembourg. Þetta var í fyrsta skipti þar sem mótið var haldið og því voru fyrstu Evrópumeistarar Smáþjóða krýndir í dag. Fram að þessu hafa iðulega níu þjóðir keppt á GSSE en það eru Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Luxembourg, Malta, Monako, Svartfjallaland og San Marino. Í þessu móti eru ekki skráðir keppendur frá Svartfjallalandi né Monako en hins vegar eru Færeyingar með keppendur og einnig Úkranía svo þátttökuþjóðirnar voru níu og keppendur alls 109.

Íslenskir keppendur voru alls tíu á mótinu. Fimm í karlalandsliði og fimm unglingalandsliði U18. Í karlaflokki var það árangur Egils Blöndal og Karls Stefánssonar sem stóð upp úr, en báðir unnu til gullverðlauna. Egill Blöndal sigraði -90kg flokk karla, mætti hann Raphael Schwendinger frá Lichtenstein í úrslitum. Egill glímdi af miklu öryggi og náði að tryggja sér sigur með armlás þegar um það bil þrjár mínútur voru liðnar af glímunni. Karl Stefánsson sigraði Edvard Johannesen frá Færeyjum í úrslitum +100kg flokksins.

Í keppni unglinga U18 var það frammistaða Aðalsteins Björnssonar og Darons Hancock sem stóð upp úr, en mættust þeir í úrslitum -73kg flokksins. Aðalsteinn tryggði sér titilinn eftir hörku viðureign.







# Ársreikningur árið 2022

## Staðfesting stjórnar

Tap Judosamband Íslands á árinu 2022 nam kr. 536.448. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 7.069.352, bókfært eigið fé í árslok er kr. 6.184.969 og er eiginfjárhlutfall félagsins 87%.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Judosamband Íslands að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Judosamband Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. maí 2023

### Í stjórn

| Nöfn stjórnarmanna | Kennitala |
|---|---|
| Ari Sigfússon | 150275-5399 |
| Arnar Freyr Olafsson | 241273-5719 |
| Asgeir Asgeirsson | 020865-3859 |
| Bjarni Skúlason | 151278-3029 |
| Gísli Fannar Egilson | 270494-2189 |
| Jóhann Másson | 170764-7819 |
| Karen Rúnarsdóttir | 201082-5799 |

# Áritun skoðunarmanns

Ég undirritaður kjörin skoðunarmaður JSÍ hef yfirfarið bókhaldið og ársreikninginn fyrir árið 2022 og staðfesti hér með reikninginn

| | |
|---|---|
| Runólfur Gunnlaugsson | 291253-5639 |

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Lottótekjur | | 7.054.794 | 6.645.615 |
| Útbreyðslustyrkur og aðrir styrkir ÍSÍ | | 3.938.797 | 3.720.191 |
| Ríkisstyrkur | | 2.950.000 | 2.950.000 |
| Afrekssjóður | | 10.052.065 | 9.855.016 |
| Mótatekjur, gráðanir og árgjöld | | 2.778.714 | 1.088.808 |
| Aðrar tekjur | | 5.601.103 | 4.445.329 |
| | | 32.375.473 | 28.704.959 |
| Ferða og keppnisstyrkir | | (15.730.471) | (15.365.107) |
| Mótakostnaður | | (4.139.534) | (1.416.857) |
| Laun og verktakagreiðslur | | (10.012.023) | (9.967.579) |
| Húsaleiga | | (488.388) | (443.988) |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | | (1.165.968) | (1.430.509) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (1.125.420) | (843.968) |
| Afskriftir | 4 | (230.373) | 0 |
| | | (32.892.177) | (29.468.008) |
| **Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | (516.704) | (763.049) |
| Fjármunatekjur | | 5.742 | 4.316 |
| Fjármagnsgjöld | | (25.486) | (40.436) |
| | 3 | (19.744) | (36.120) |
| **Tap ársins** | | (536.448) | (799.169) |

## Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Tölvubúnaður fyrir mót | 4 | 1.497.423 | 0 |
| | | 1.497.423 | 0 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 5 | 2.336.044 | 2.355.906 |
| Aðrar skammtímakröfur | 5 | 229.320 | 955.288 |
| Handbært fé | 5 | 3.006.565 | 4.023.490 |
| | | 5.571.929 | 7.334.684 |
| **Eignir** | | 7.069.352 | 7.334.684 |

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 6.184.969 | 6.721.417 |
| Eigið fé | | 6.184.969 | 6.721.417 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 7 | 884.383 | 613.267 |
| | | 884.383 | 613.267 |
| Skuldir | | 884.383 | 613.267 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 7.069.352 | 7.334.684 |

# Sjóðstreymi

| | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrartap | | (516.704) | (763.049) |
| Afskriftir | | 230.373 | |
| **Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta** | | (286.331) | (763.049) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun) | | 745.830 | (957.007) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 271.116 | 613.267 |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta** | | 730.615 | (1.106.789) |
| Innborgaðir vextir | | 5.742 | 4.316 |
| Greiddir vextir | | (25.486) | (40.436) |
| **Handbært fé frá (til) rekstrar** | | 710.871 | (1.142.909) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 4 | (1.727.796) | 0 |
| | | (1.727.796) | 0 |
| Lækkun handbærs fjár | | (1.016.925) | (1.142.909) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 4.023.490 | 5.166.399 |
| Handbært fé í lok árs | | 3.006.565 | 4.023.490 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Júdósambands Íslands (Hér eftir nefnt JSÍ) eru heildarsamtök Judofélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasamband Íslands.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur JSÍ fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútstreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

## 3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum | 5.742 | 4.316 |
| | 5.742 | 4.316 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Önnur vaxtagjöld | (25.486) | (40.436) |
| | (25.486) | (40.436) |
| | (19.744) | (36.120) |

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Tölvubúnaður | Samtals |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Eignfært á árinu | 1.727.796 | 1.727.796 |
| Staða í árslok | 1.727.796 | 1.727.796 |
| **Afskriftir** | | |
| Afskrift ársins | 230.373 | 230.373 |
| Staða í árslok | 230.373 | 230.373 |
| **Bókfært verð** | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 0 | 0 |
| Bókfært verð í árslok | 1.497.423 | 1.497.423 |
| Afskriftarhlutföll | 20% | |

## 5. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| ÍSÍ Lottó- og útbreiðslustyrkur | 2.336.044 | 2.355.906 |
| | 2.336.044 | 2.355.906 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 229.320 | 955.288 |
| | 229.320 | 955.288 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 3.006.565 | 4.023.490 |
| | 3.006.565 | 4.023.490 |

## 6. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2021 | 7.520.586 |
| Hagnaður/(tap) ársins | (799.169) |
| Eigið fé 1.1.2022 | 6.721.417 |
| Hagnaður/(tap) ársins | (536.448) |
| Eigið fé 31.12.2022 | 6.184.969 |

## 7. Aðrar peningalegar skuldir

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 0 | 314.809 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 367.600 | 99.258 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 516.783 | 199.200 |
| | 884.383 | 613.267 |

## 8. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 21. maí 2023